

Fundur í foreldraráði 13.9 2021

Í foreldraráði Akrasels veturinn 2021 – 2022 eru;

Anna Lilja Björnsdóttir, Jónas Kári Eiríksson, Sigrún Ágústa Helgadóttir og Vera Knútsdóttir.

Á fundinn mættu ;

Anney leikskólastjóri, Guðrún aðstoðarleikskólastjóri, Anna Lilja Björnsdóttir, Jónas Kári Eiríksson Sigrún Ágústa Helgadóttir og Vera Knútsdóttir

Anney fór yfir eftirfarandi atriði ;

Aldursskiptingu barna í Akraseli, en í elsta árgangi eru 42 börn og eru þau á einni deild öll saman. Deildin fékk skrifstofu aðstoðarleikskólastjóra, hálfan salinn og eitt starfsmannklósett til afnota til viðbótar við Berg. Einnig fór Anney yfir hvernig skiptingin er á milli deilda.

Anney fór yfir stöðuna í starfsmannahaldi, aldurs dreifingu barna í Akraseli og hvernig skiptingin er á milli leikskólanna.

Alltaf eru einhverjar óvæntar breytingar í starfsmannahaldinu og fór hún yfir ráðningar sem eru í leikskólanum núna í haust.

Farið var yfir starfsáætlun fyrir veturinn 2021 – 2022. Fulltrúar gátu ekki opnað fylgiskjölin sem fylgdu með í fundarboðunum í tölvupóstinum. Foreldraráð gerir ekki athugasemdir við starfsáætlun 2021 – 2022 og verður hún sett á heimasíðuna.

Í dag eru tvær beiðnir um breytingu á opnunartíma leikskólans til kl. 17 en það þarf þrjá eða fleiri ef leikskólinn á að vera opinn til kl.17.

Farið var yfir fyrirkomulagið á matstofunni hjá árgangi 2016 en hálfur salurinn fer í hana. Matstofan er einnig nýtt fyrir allskonar skapandi vinnu, Lubba stundir o.s.frv.

Foreldrar ræddu um samskiptakerfið Völuna sem kom inn í staðin fyrir Karellen. Það er ýmislegt sem mætti vera öðruvísi t.d. skilaboðin. Það er ekki hægt að svara þeim í appinu heldur þarf að fara í tölvu og svara í tölvupósti.

Foreldrar upplifa tengslin við deild barnsins sem lítil eða engin í þessu covid ástandi. Því foreldrar koma inn í fataherbergið og skilja við börnin í dyrunum við ganginn.

Foreldrar sem kom ekki á kynningarfundinn fyrir nýja foreldra í vor og voru ekki í aðlöguninni vita ekkert hvernig þetta er á deildunum.

Þau sem þekkja til fyrra skipulags finnst þetta snilldar fyrirkomulag og ekkert truflandi því þetta auðveldar sumum börnum kveðjustundina við foreldra.

Starfsmenn frá Menntamálastofnun eru að taka Ytra mat í Akraseli þessa vikuna. Þar er verið að meta starfið okkar og hvernig við vinnum það.

Á síðasta starfsdegi koma fram áhugi starfsmanna á að samþætta aga – hvernig er orðræðan, hvernig merkinu leggjum við í t.d. orðið agi. Tveir leikskólakennarar eru að gera handbók um samþættingu aga.

Í lögum um leikskóla í grein 11. Er talað um foreldraráð

„Kjósa skal foreldraráð við leikskóla og skal leikskólastjóri hafa frumkvæði að kosningu í ráðið. Í foreldraráði sitja að lágmarki þrír foreldrar. Skal kosning til foreldraráðs fara fram í september á ári hverju og skal kosið til eins árs í senn. Foreldraráð setur sér starfsreglur. Leikskólastjóra ber að starfa með foreldraráði. Leikskólastjóri getur sótt um undanþágu til sveitarfélags um stofnun foreldraráðs ef gildar ástæður eru fyrir hendi, svo sem vegna fámennis í leikskóla.

Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi „

Anney benti á reglur um foreldraráð sem gerðar voru af öllum foreldraráðsfulltrúum í leikskólum á Akranesi en tími er kominn til endurskoðunar á þeim reglum.

Vera er varamaður í skóla og frístundaráði en annar leikskóli er með aðalmann í ráðinu.

Vegna persónuverndarreglna kom fram spurning hvort foreldrar gætu fengið upplýsingar t.d. símanúmer og nöfn annarra foreldra. Því á ákveðnum aldri byrja þau að fá vin heim eða fara heim með vini. Þá er nú gott að vita hvað foreldrar heita, símanúmer og heimilisfang.

Foreldrar eru mjög ánægðir með matseðilinn í leikskólanum hann er fjölbreyttur og gott hráefni þar sem allt er eldað frá grunni.

Akrasel er búinn að sækja um að verða UNESCO leikskóli því við klikkum í öll box en við bíðum en eftir svari frá höfuðstöðvunum.

Í akraseli sýnum við öllum tillit og reynum eftir fremsta megni að koma á móts við þarfi allra. Engin undantekning er varðandi mataræði og tókum við tillit til grænkeru, vegan og fæðu vegna trúarbragða.

Umræða um fjölbreytileikann, lesbíur, homma o.s.frv. hvort það sé einhver fræðsla fyrir börnin í leikskólanum. Við höfum ekki verið með markvissa fræðslu fyrir börnin um það en hver veit hvað við gerum í framtíðinni.

Hliðið Lindarmegin er orðið stórhættulegt – það er farið að molna og get börnin meitt sig á því. Foreldrar höfðu áhyggjur af þessu. Anney útskýrði stöðuna fyrir þeim og vonum við að það verði eitthvað gert fljótlega.

Heimasíðan er öll að lifna við og verður öflugri með hverri vikunni sem líður.

Foreldraráði samþykkti að netfundir gilda eins og fundir í raunheimum.

